

80. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima 24. febrúar 2017

Fundur settur kl. 08:30

Fundarstjóri: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt eru: Hugrún Harpa Reynisdóttir, Helga Árnadóttir, Olga Ingólfssdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Kristín Hermannsdóttir, Þorvarður Árnason og Hrafnkell Guðnason.

Fundargerð

1. Umsóknir um starf verkefnastjóra

Hugrún Harpa greindi frá því að tvær umsóknir hafi borist um starf verkefnastjóra ÞN. Farið var yfir umsóknir, umræður sköpuðust um þær menntunar- og hæfniskröfur sem settar voru fram í atvinnuauglýsingu. Sérstaklega um kröfu um háskólamenntun en hvorugur umsækjenda uppfyllir kröfu um háskólamenntun. Tekin var sú ákvörðun að boða báða aðila í viðtal og taka að þeim loknum ákvörðun um ráðningu í starf verkefnastjóra.

Hugrún Harpa Reynisdóttir, Helga Árnadóttir og Kristín Hermannsdóttir munu taka starfsviðtöl. Var þeim falið að taka saman spurningalista vegna viðtals og senda á stjórn til yfirferðar.

Fundi slitið kl: 9:30

Kristín Hermannsdóttir
Hugrún Harpa Reynisd.